

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
9. fundur
haldinn í Végarði Fljótsdal, 28. janúar 2008

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir, Þórhallur Þorsteinsson, Skúli Björn Gunnarsson og Skarphéðinn G. Þórisson.

Dagskrá:

1. Málefni Glúmsstaða og Valþjófsstaðar.
2. Önnur mál

Eiríkur stýrði fundi og setti hann kl. 20.15. Gengið var til dagskrár.

1. Málefni Glúmsstaða og Valþjófsstaðar

Hallgrímur Kjartansson og Jón Þór Þorvarðarson Glúmsstaðabændur og Guðveig Anna Eyglóardóttir, sem ábúandi á Valþjófsstað II, mættu á fundinn. Lára G. Oddsdóttir og Sigmar Ingason á Valþjófsstað I voru einnig boðuð á fundinn en höfðu ekki tök á að mæta. Rætt var um fyrirhugaðan Vatnajökulspjóðgarð. Ákveðin jákvæðni kom fram hjá þeim öllum gagnvart þjóðgarðinum svo fremi að tekið verði tillit til hefðbundinna nytja innan svæðisins við gerð verndaráætlana. Rætt var um þjónustuuppbyggingu og ýmsa aðra þætti. Eitt af því sem komið var inn á var möguleiki þess að setja Eyjabakkasvæðið í hærri verndarflokk en önnur svæði utan jökuls á Austursvæði þjóðgarðsins og voru menn almennt fylgjandi því að skoða kosti þess.

Gestir yfirlögðu fundinn að loknum þessum lið.

2. Önnur mál

Rætt um næsta fund með hagsmunaaðilum. Stefnt á fund með Aðalbólsfólki á mánudaginn 4. febrúar og þeim í Möðrudal á föstudaginn 1. febrúar. Áfram stefnt á stóran fund 21. febrúar og ætlar formaður að ræða við stjórn þjóðgarðsins um að koma á þann fund.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21.50.

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson